

Lyfjæftirlitsmál og misnotkun lyfja í íþróttum

Knattspyrnusamband Íslands tekur skýra afstöðu gegn allri misnotkun lyfja/efna og notkunar á bönnuðum aðferðum sem stuðla eiga að bættum árangri í íþróttum.

KSÍ leggur ríka áherslu á að knattspyrnan sé laus við lyfjamisnotkun (doping). Lyfjamisnotkun getur verið mjög skaðleg heilsunni, grefur undan íþróttahugsjóninni og hindrar keppni á jafnréttisgrundvelli.

Alþjóða knattspyrnusambandið (FIFA) og Knattspyrnusamband Evrópu (UEFA) hlíta reglum Alþjóðalyfjæftirlitsstofnunarinnar (WADA) varðandi lyfjamál í íþróttum.

Mikilvægt er að íþróttamenn sem þurfa að nota lyf geti það. Mjög mikilvægt er að bestu klínísku starfsvenjur og nauðsynlegar rannsóknir séu á bak við greiningar þar sem nota þarf lyf/efni af bannlista sem meðferð.

Purfi að nota lyf/efni af bannlista WADA er skilyrði að ekki sé hægt að nota önnur lyf sem ekki eru á bannlista. Undanþágu getur þurft að sækja um áður en meðferð hefst, eftir að meðferð hefst eða jafnvel einungis sé íþróttamaðurinn boðaður í lyfjapróf. Finnist hjá íþróttamanni við lyfjapróf lyf/efni sem eru á bannlista, eða ummerki um bannaða aðferð, getur það leitt til allt að fjögurra ára æfinga- og keppnisbanns.

Neysla fæðubótarefna getur verið varasöm. Íþróttamenn hafa fallið á lyfjaprófum eftir inntöku fæðubótarefna. Rannsóknir hafa sýnt að fæðubótarefni geta verið menguð af efnum sem eru á bannlista WADA. Ekki er alltaf hægt að treysta því að öll innihaldsefni komi fram utan á þakkingum. Greinist bannað efni við lyfjapróf, eftir neyslu fæðubótarefna, er það alfarið á ábyrgð íþróttamannsins.

Misjafnar reglur gilda fyrir leikmenn í knattspyrnu eftir því hvort að þeir taki þátt í alþjóðlegum verkefnum og í hvaða deildum þeir leika.

Veljið leiðbeiningar eftir því sem við á;

- Leiðbeiningar fyrir landsliðsmenn (A lið og yngri landslið) og leikmenn í Evrópukeppnum félagsliða
- Leiðbeiningar fyrir leikmenn í efstu deildum (karla og kvenna)
- Leiðbeiningar fyrir leikmenn í öðrum deildum og yngri flokkum (karla og kvenna)
- Upplýsingar um lágmarkskröfur UEFA varðandi astma-undanþágur
- Framkvæmd lyfjaprófa – Er hægt að neita því að fara í lyfjapróf?
- Samantekt

Almennt varðandi lyfjamál er bent á www.isi.is og þar er valinn lyfjavefur.

Tenglar:

1. Lyfjavefur ÍSÍ: <http://www.lyfjaeftirlit.is>
2. UEFA: <http://www.uefa.com/uefa/keytopics/kind=1/index.html>
3. WADA: <http://www.wada-ama.org/en/>

Valflípar

- Landsliðsmenn (A og yngri landslið karla og kvenna) og leikmenn í Evrópukeppnum félagsliða (karla og kvenna)
- Leikmenn í efstu deildum (karla og kvenna)
- Leikmenn í öðrum deildum og yngri flokkum (karla og kvenna)
- Lágmarkskröfur UEFA varðandi astma-undanþágur
- Framkvæmd lyfjaprófa – Er hægt að neita því að fara í lyfjapróf?
- Samantekt